

**FRÁSÖGN**

*af fundi nefndar ráðsins um sameiginlega vestnorræna stefnu á norðurslóðum í Reykjavík 13. maí 2015.*

Nefnd Vestnorræna ráðsins um sameiginlega vestnorræna stefnu á norðurslóðum fundaði á nefndasviði Alþingis í Reykjavík 13. maí sl. Af hálfu Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins sóttu fundinn Unnur Brá Konráðsdóttir, formaður, og Páll Valur Björnsson, í fjarveru Vigdísar Hauksdóttur, varaformanns, auk Vilborgar Ásu Guðjónsdóttur ritara. Markmið nefndarinnar er að draga fram á hvaða sviðum vestnorrænu löndin eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta varðandi norðurskautsmál. Á fyrri fundi nefndarinnar í Kaupmannahöfn 25. mars sl. var ákveðið að vinna frekar að tillögum um vestnorrænt fríverslunarsvæði, sem og tillögum um aukið samstarf landanna á sviði samgangna og innviða, sjávarútvegs og orkumála. Ákveðið var að landsdeildirnar ynnu drög að ályktunum fyrir fund nefndarinnar í Reykjavík 13. maí, þ.e. Íslandsdeild um aukið samstarf á sviði samgangna og innviða, Grænlandsdeild um samstarf á sviði sjávarútvegs og færeyska landsdeildin um vestnorrænt fríverslunarsvæði. Á fundinum í Reykjavík kynntu landsdeildirnar tillögur sínar.

Í ályktunardrögum Íslandsdeildar er lagt til að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands vinni greiningu á möguleikanum á sameiginlegri vestnorrænni langtímastefnu fyrir samgöngur og innviði. Landfræðileg lega vestnorræna svæðisins í miðju Norður-Atlantshafi, á milli meginlands Evrópu og Norður-Ameríku, og með auknum tengingum við Asíu í gegnum flutninga um og yfir norðurskautið, geri það að verkum að flutningar skipta sköpum fyrir efnahagslíf landanna. Til að löndin á Vestnorræna svæðinu geti nýtt þau tækifæri sem eru fyrir hendi á ábyrgan hátt sé mikilvægt að stjórnvöld styðji við aukin umsvif á svæðinu. Samstarf á svæðinu auki samkeppnishæfi landanna þriggja í alþjóðlegu tilliti og sameiginleg stefnumótun um samgöngur og innviði geti aukið hagsæld á vestnorræna svæðinu. Samstarfið þurfi að taka mið af stefnumótun hvers og eins lands fyrir sig og styðja við hagsmuni þeirra frekar.

Í ályktunardrögum landsdeildar Færeyja er því beint til stjórnvalda landanna þriggja að stofna vinnuhóp viðeigandi fagaðila sem fengi það verkefni að kortleggja þann sameiginlega ávinning sem vestnorrænn fríverslunarsamningur og vestnorrænt viðskiptaráð gætu falið í sér. Vinnuhópurinn ætti a.m.k. að greina kosti og galla þess að gera vestnorrænan fríverslunarsamning eða að öðrum kosti tvíhliðasamninga milli Grænlands og Íslands og Grænlands og Færeyja, og að kortleggja á hvaða sviðum löndin hefðu gagnkvæman ávinning af aukinni fríverslun og hvar ekki. Þá væri einnig mjög gagnlegt ef vinnuhópurinn ætti möguleika á að kortleggja kosti og galla þess að mynda vestnorrænt fríverslunarsvæði, sem fæli í sér frjálst flæði vöru, fólks, þjónustu og fjármagns, og að skoða hvernig vestnorrænu löndin gætu best nýtt landfræðipólítíska stöðu sína sem höfn á norðurslóðum, ásamt því að þróa framtíðarmynd þess hvernig hægt væri að styrkja samgöngunet vestnorrænu landanna. Sömuleiðis væri gagnlegt ef kortlagt yrði hvernig löndin þrjú gætu styrkt samstarf sitt á sviði sjávarútvegs, samgangna og innviða, og olíu-, gas- og steinefnarannsókna.

Í ályktunardrögum Grænlandsdeildar er því beint til stjórnvalda landanna þriggja að styrkja samstarf sitt á sviði sjávarútvegs með því að nýta styrkleika sjávarútvegssvæðis Vestur-Norðurlanda. Þar er mælt með því að löndin vinni sameiginlega yfirlýsingu um málið sem ætti að vera lokið í janúar 2017. Yfirlýsingin ætti a.m.k. að líta til svæðissamstarfs við stjórnun auðlinda, sameiginlegra markaðssetningar, hafrannsókna, umhverfismála og sjálfbærni, aðgangs að mörkuðum, þar á meðal Evrópusambandsins, markaðsþróunar, og sameiginlegrar stefnu og samningagerðar, ásamt því að kortleggja þau svæði þar sem löndin þrjú standa betur saman en ein sér.

Það er svo landsdeildanna þriggja að vinna drögin áfram í fullbúnar ályktanir sem ræddar verða og bornar til samþykktar á ársfundi Vestnorræna ráðsins í Runavík í Færeyjum 10.-14. ágúst nk.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar Vestnorræna ráðsins og á vefsvæðinu [www.vestnordisk.is](http://www.vestnordisk.is).